



Ingólfur Rögnvaldsson er Judomaður JR 2021 í U21 árs aldursflokki og er það í fyrsta sinn sem hann hlýtur þann titil. Á Opna Finnsla varð hann annar í -66 kg flokki karla og fékk bronsverðlaun í -66 kg í aldursflokki U21 árs. Á Baltic Sea Championships var Ingólfur ekki langt frá því að komast á verðlaunapall í aldursflokki U21 árs. Í flokknum hans -66 kg voru nítján keppendur og því keppt með útsláttar fyrirkomulagi. Hann sigraði keppanda frá Frakklandi í fyrstu viðureign en tapaði þeirri næstu gegn Svía sem að sigraði flokkinn síðar um daginn. Ingólfur fékk því uppreisnarglímu og sigraði þar keppanda frá Ísrael en tapaði svo fjórðu viðureign gegn keppanda frá Eistlandi og endaði því í sjöunda sæti. Hér heima keppti Ingólfur ýmist í -66 kg eða -73 kg flokki og vann öll þau mót sem hann tók þátt í.

Helsti árangur 2021

Opna Finnsla Intl.	-66 kg	2.sæti
Reykjavík International games	-66 kg	1.sæti
Íslandsmót	-66 kg	1.sæti
Reykjavíkurmestaramót	-66 kg	1.sæti

Íslandsmeistari í liðakeppni karla með sveit JR

U21

Opna Finnsla Intl.	-66 kg	3.sæti
Afmælistmót JSÍ	-73 kg	1.sæti
Íslandsmót	-73 kg	1.sæti
Vormót JSÍ	-73 kg	1.sæti
Reykjavíkurmestaramót	-66 kg	1.sæti
Baltic Sea Championship	-66 kg	7.sæti

Íslandsmeistari í liðakeppni karla U21 með sveit JR